

1962

Miðvikudaginn 20. maí 1998.

Nr. 208/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Stefáni Loga Sívarssyni

(Ómar Stefánsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 15. maí 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. maí 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 24. júní nk. kl. 16. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. maí 1998.

Ár 1998, miðvikudag 13. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Arngrími Ísberg héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Stefáni Loga Sívarssyni, kt. 101081-5599, Skeljagrandar 4, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 24. júní nk. kl. 16.00.

Hjá lögreglustjóranum í Reykjavík eru nú til rannsóknar átta kærur á hendur kærða fyrir innbrotspjófnaði á tímabilinu 6. apríl til 10. maí sl.

Hér fyrir dómi hefur kærði viðurkennt að hafa á þessu tímabili brotist

inn í íbúðarhús, skóla, tvær geymslur í íbúðarhúsum svo og tvær bifreiðar. Þá hefur hann viðurkennt að hafa reynt að brjótast inn í skóla.

Sakaferill kærða er á þá leið, að árið 1997 var ákæru frestað á hendur honum fyrir þjófnað og líkamsárás. Á þessu ári hefur hann hlotið tvo dóma fyrir nytjastuld, umferðarlagabrot og líkamsárás, og var ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið í báðum tilfellum. 20. febrúar sl. var gefin út ákæra á hendur honum og öðrum manni fyrir rán, en það mál er ódæmt.

Hér fyrir dómi hefur kærði viðurkennt að hafa framið mörg afbrot á stuttum tíma, og hefur hann gefið þá skýringu, að hann hafi stundað þessi afbrot til að fjármagna fíkniefnaneyslu og eins til að greiða fíkniefnaskuldir. Af skýrslum lögreglu má ráða, að kærði hafi haldið áfram afbrotum, þrátt fyrir það að hann hafi náðst og viðurkennt brot sín í yfirheyrslum.

Samkvæmt framansögðu fellst dómurinn á, að hætta sé á, að kærði haldi áfram brotum, verði hann látinn laus. Skilyrði c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 eru því til að verða við kröfu lögreglustjórans í Reykjavík og úrskurða kærða í gæsluvarðhald, þar til dómur gengur í máli hans, þó ekki lengur en til miðvikudagsins 24. júní nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Stefán Logi Sívarsson, kt. 101081-5599, Skeljagrandi 4, Reykjavík, sæti gæsluvarðhaldi, þar til dómur gengur í máli hans, þó ekki lengur en til miðvikudags 24. júní nk. kl. 16.00.